

Ahtinen gegn Finnlandi
Dómur frá 23. september 2008
Mál nr. 48907/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
Réttindi og skyldur að einkamála rétti. Sjálfsstjórn þjóðkirkjunnar.

1. Málsatvik

Kærandi, Seppo Ahtinen, er finnskur ríkisborgari fæddur árið 1949 og er búsettur í Rovaniemi í Finnlandi. Þar þjónaði hann sem prestur í finnsku þjóðkirkjunni í yfir tíu ár eða frá upphafi árs 1988 til 31. október 1998.

Í maí árið 1998 var kæranda veitt áminning í starfi og var sú ákvörðun staðfest af æðsta stjórnarsýsludómstóli landsins. Þann 15. september sama ár var tekin ákvörðun um að færa hann til starfa í annarri sókn, Keminmaa sem er í hundrað kílómetra fjarlægð frá heimili hans. Hann krafðist ógildingar ákvörðunarinnar fyrir stjórnarsýsludómstóli og byggði á því að annmarkar hefðu verið á ákvörðunartöku. Hann vísaði einkum til þess að sóknarpresturinn í Rovaniemi hefði komið að undirbúningi málsins en hann hefði verið vanhæfur. Einnig vísaði hann til þess að honum hefði ekki verið veitt nægilegt tækifæri til aðkoma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun var tekin. Í þessum efnum skipti mestu máli að fjölskylda hans væri öll búsett í Rovaniemi. Stjórnarsýsludómstóllinn féllst ekki á rök kæranda og staðfesti því ákvörðun kirkjuyfirvalda. Í niðurstöðu hans var vísað til þess að kæranda hefði verið veitt færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvörðun var tekin. Að auki var vísað til þess að sóknarpresturinn í Rovaniemi var ekki aðili málsins og ekki hefði verið sýnt fram á að hann hefði neina hagsmuni af niðurstöðu þess. Af þeim sökum taldist ákvörðun ekki hafa verið annmörkum háð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið í bága við 6. gr. sáttmálans. Byggði hann einkum á því að honum hefði ekki verið gefið nægilegt tækifæri til að tjá sig við meðferð máls og að ákvörðun um flutning hans í starfi hefði verið tekin af aðila sem ekki teldist óvillhallur.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að taka þyrfti afstöðu til þess hvort málsmeðferðin sem kærandi kvartaði undan félli undir gildissvið 1. mgr. 6. gr. sáttmálans út frá því hvort um væri að ræða réttindi og skyldur kæranda að einkamálarétti. Hann vísaði til þess að finnska þjóðkirkjan væri samkvæmt lögum sjálfráð um sín innri mál. Sömu lög veittu henni, sem vinnuveitanda, sjálfræði til að taka ákvarðanir í málefnum er varða skipun presta, þar með talið hversu lengi þeir væru skipaðir og hvar þeim væri gert að þjóna. Kæranda voru ljósar þessar valdheimildir finnsku þjóðkirkjunnar við upphaf starfa sinna. Með því að gerast prestur þjóðkirkjunnar þá gekkst hann undir þá skyldu að lúta þeim.

Dómstóllinn vísaði að auki til fyrri dóms síns í máli nr. 40224/98, Duda og Dudová gegn Tékklandi, þar sem fram hafði komið að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ætti ekki við í málum er varða uppsagnir presta enda myndi það brjóta í bága við sjálfstjórn og sjálfstæði þjóðkirkna. Af þessum sökum var það mat dómstólsins að ekki væru til staðar réttindi sem vernduð væru af 6. gr. sáttmálans og ætti ákvæðið því ekki við í þessu máli.

Var það því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 6. gr. sáttmálans.